

## Ályktun um orlofshús og orlofsferðir

4. þing Kennarasambands Íslands haldið í Reykjavík dagana 9. – 11. apríl 2008 samþykkir eftirfarandi:

- Haldið verði áfram að endurnýja orlofshús í Ásabyggð, 2 - 4 hús á kjörtímabilinu.
- Keypt verði eitt orlofshús ef gott tækifæri gefst.
- Boðið verði upp á orlofshús og íbúðir víðs vegar um landið sem og erlendis til endurleigu fyrir félagsmenn.
- Haldið verði áfram að greiða niður gistingu á hótelum, gistiheimilum og á tjaldstæðum með afsláttarmiðum.
- Áfram verði aukið við fjölbreytni orlofstilboða bæði innanlands og utan til dæmis með fjölbreyttum samningum við ferðaþjónustuaðila.
- Leitað verði leiða til að lækka gistikostnað félagsmanna.
- Ávallt skal leitast við að gæta hagsýni í rekstri Orlofssjóðs t.d. með því að leita tilboða í stærri verkefni. Jafnframt verði skoðuð hagkvæmni þess að fjölga stöðugildum eða samnýta starfsmenn á skrifstofu KÍ.
- Kynning á orlofsmálum meðal félagsmanna verði með eftirfarandi hætti:
  - með samskiptum við trúnaðarmenn
  - á fundum svæðafélaga
  - með kynningarefni á tölvutæku formi
  - ferðablaði Orlofssjóð.